

# Hverfisnefnd Naustahverfis

## 61. fundur, 30. sept. 2014

Fundur haldinn í Sokkatúni 5, kl. 20:00 – 21:30

Mættir: Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gunnar Valur Eypórsson, Ómar Ívarsson, Bjarni Sigurðsson og Gísli Rúnar Magnússon

Fundargerð ritaði Gísli Rúnar Magnússon

### 1. Umhverfisátak 2014 - afmælispeningar

Purfum að fá fund með Jóni Birgi til að fara yfir stöðu mála þar. Erum við þá að tala um hverfisvöllinn, leiktækin á hann, lýsing við Naustaskóla og upplýsingaskilti við innkeyrslur inn í hverfið. Óskum eftir framkvæmdaáætlun fyrir þá liði sem óskað var eftir. Okkur finnst efndir varðandi afmælispeninginn ekki standa undir væntingum.

### 2. Hverfisvöllur við Ljómatún

Búið að rissa upp teikningu af honum. Einnig er búið að jarðvegsskipta leik- og þreksvæðunum og ýta upp einhverjum mönum. Næsta verk er að fá á hreint hjá Jóni Birgi hvað fleira verður gert á árinu og hvort við náum að klára peningana.

### 3. Bílastæði við skólana

Hverfisnefndin rissaði upp mögulega útfærslu á bílastæðum við sparkvöllinn, þ.e. austan við Naustatjörn, þar sem áður stóðu grenndargámar. Anna Sjöfn sendir póst með tillögnum á fasteignir Akureyrar.

### 4. Aðalfundur hverfisnefndar 2014

Það er komið að því að halda aðalfund hverfisnefndar. Stefnum að því að gera það miðvikudaginn 22. október kl. 20:00 í Naustaskóla. Auglýsum í Dagskránni vikunni fyrir fund. Hverfisnefnd gengur með dreifibréf um hverfið helgina áður. Gísli setur saman lista yfir hver fer í hvaða götur.

Dagskrá:

Skýrsla stjórnar

Kosning stjórnar

Hlé

Gestaerindi

Önnur mál

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 21:30. Næsti fundur, undirbúningur fyrir aðalfund, þann 15. okt.